

Hagnaður 2.651 millj. kr. á 3F 2025

Helstu niðurstöður 3. ársfjórðungs 2025

- Vörusala nam 47.093 millj. kr. sem er aukning um 6,4% milli ára en 9,1% án áhrifa breytinga á gengi bandaríkjadals og heimsmarkaðsverðs eldsneytis milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 12.057 millj. kr. sem er aukning um 11,3% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 25,6% og hækkar um 1,1 p.p. frá 3F 2024. Framlegðarstig væri 25,0% án áhrifa hreytinga á gengi bandaríkjadals og heimsmarkaðsverðs eldsneytis, sem er hækkan um 0,5 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 5.319 millj. kr. og hækkar um 12,2% milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins nam 2.651 millj. kr. og hækkar um 18,8% milli ára.
- Handbært fé frá rekstri nam 6.664 millj. kr. og hækkar um 43,5% milli ára.
- Greiddar voru niður vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir fyrir um 2.807 millj. kr. Þá námu endurkaup á eigin bréfum um 649 millj. kr.
- Eigið fé nam 46.097 millj. kr. og eiginfjárlutfallið var 39,2% í lok fjórðungsins.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2025 er hækkuð um 400 millj. kr. og nemur 15.600 – 16.000 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	47.093	44.257	2.836	6,4%	128.458	112.517	15.941	14,2%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	12.057	10.829	1.228	11,3%	32.277	26.455	5.822	22,0%
Aðrar rekstrartekjur	545	588	-43	-7,3%	1.663	1.623	40	2,5%
EBITDA	5.319	4.741	579	12,2%	11.746	9.554	2.192	22,9%
EBIT	3.796	3.429	368	10,7%	7.366	6.335	1.031	16,3%
EBT	3.244	2.746	499	18,2%	5.309	4.145	1.164	28,1%
Hagnaður tímabilsins	2.651	2.232	419	18,8%	4.349	3.387	963	28,4%
Efnahagsreikningur								
					30.9.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					14.347	14.118	229	1,6%
Viðskiptakröfur					5.633	7.168	-1.535	-21,4%
Handbært fé					6.811	4.075	2.736	67,1%
Vaxtaberandi skuldir					40.064	43.956	-3.892	-8,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir					33.253	39.881	-6.628	-16,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,2	3,2	-1,0	-31,3%
Eiginfjárlutfall					39,2%	37,9%	+1,3 p.p.	3,5%
Arðsemi eigin fjár					13,2%	10,5%	+2,7 p.p.	25,8%
Sjóðstreymi								
	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	6.664	4.643	2.021	43,5%	14.276	8.244	6.032	73,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.166	-5.259	4.092	-77,8%	-3.696	-6.522	2.826	-43,3%
Fjármögnunarahreyfingar	-3.835	3.312	-7.147	-215,8%	-7.870	1.028	-8.898	-865,7%
Handbært fé í lok tímabils	6.811	6.064	747	12,3%	6.811	6.064	747	12,3%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	25,6%	24,5%	+1,1 p.p.	4,6%	25,1%	23,5%	+1,6 p.p.	6,9%
Starfsmannakostnaður/framlegð	43,3%	44,6%	-1,3 p.p.	-2,8%	49,9%	49,8%	+0,1 p.p.	0,2%
EBITDA/framlegð	44,1%	43,8%	+0,3 p.p.	0,8%	36,4%	36,1%	+0,3 p.p.	0,8%
Hagnaður/framlegð	22,0%	20,6%	+1,4 p.p.	6,7%	13,5%	12,8%	+0,7 p.p.	5,3%
Hagnaður á hlut	8,5	7,3	1,2	16,8%	14,0	11,1	2,9	25,5%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	55,3%	42,9%	+12,4 p.p.	28,9%	44,2%	31,2%	+13,0 p.p.	41,9%
Fjárfestingar	1.192	1.244	-53	-4,2%	4.265	2.941	1.324	45,0%

Rekstur 3. ársfjórðungs 2025

Rekstur félagsins gekk vel á þriðja ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir. Vörusala í öllum vöruflokkum jókst í magni milli ára. Afgreiðslufjöldi jókst um 2,4%, fjöldi seldra vara um 7,9% og fjöldi seldra eldsneytislítra um 5,2%. Framlegðarstig nam 25,6%, hækkar um 0,3 p.p frá fyrri ársfjórðungi og hækkar um 1,1 p.p. frá fyrra ári. Framlegð í krónum jókst um 11,3% milli ára en rekstrarkostnaður um 9,1% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 5.319 millj. kr. sem er 12,2% hækkun milli ára. EBITDA N1 jókst um 453 millj. kr. milli ára eða um 21,9%, EBITDA Krónunnar jókst um 188 millj. kr. eða 11,6%, EBITDA ELKO jókst um 101 millj. kr. eða 21,8% og EBITDA Lyfju lækkaði um 9 millj. kr. eða 2% en einskiptiskostnaður að fjárhæð 35 millj. kr. kom inn á fjórðunginn í ár. Hagnaður þriðja ársfjórðungs nam 2.651 millj. kr. sem er hækkun um 419 millj. kr. eða 18,8% milli ára.

Tekjur 3. ársfjórðungs 2025

- Heildartekjur námu 47.638 millj. kr. sem er aukning um 6,2% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 47.093 millj. kr. sem er aukning um 6,4% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 23.187 millj. kr. sem er aukning um 10,5% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 12.362 millj. kr. sem er minnkun um 1,2% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 5.169 millj. kr. sem er aukning um 7,8% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum- og lausasölulyfjum námu 3.703 millj. kr. sem er aukning um 10,8% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.672 millj. kr. sem er aukning um 1,7% milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	23.187	20.984	2.203	10,5%	64.831	58.158	6.674	11,5%
Eldsneyti og rafmagn	12.362	12.509	-147	-1,2%	30.708	30.964	-257	-0,8%
Raftæki	5.169	4.796	373	7,8%	14.367	13.291	1.075	8,1%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	3.703	3.341	362	10,8%	10.763	3.341	7.422	222,2%
Aðrar vörur og þjónusta	2.672	2.627	45	1,7%	7.789	6.763	1.026	15,2%
Samtals vöru- og þjónustusala	47.093	44.257	2.836	6,4%	128.458	112.517	15.941	14,2%
Aðrar rekstrartekjur	545	588	-43	-7,3%	1.663	1.623	40	2,5%
Tekjur samtals	47.638	44.845	2.793	6,2%	130.121	114.139	15.981	14,0%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 10,5% milli ára, en þar er aukning Krónunnar um 11,9%. Tekjur af eldsneyti og rafmagni drógust saman um 1,2% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 1-7% milli ára, eftir vörutegundum. Selt magn eldsneytis nam um 75,4 millj. lítrum sem er 5,2% hækkun milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 7,8% milli ára og tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum jukust um 10,8% milli ára. Þá jukust tekjur af annarri vöru og þjónustusölu um 1,7% milli ára.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 3. ársfjórðungi 2025

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 12.057 millj. kr. sem er 11,3% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 25,6% og hækkar um 0,3 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 1,1 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 5.582 millj. kr. sem er aukning um 9,6% milli ára. Framlegðarstig nam 24,1% sem er lækkun um 0,2 p.p. milli ára en hækkan um 0,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 3.072 millj. kr. sem er aukning um 17,0% milli ára. Framlegðarstig nam 24,8% og hækkar um 3,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.409 millj. kr. sem er hækkun um 14,6% milli ára. Framlegðarstig nam 27,3% sem er hækkun um 1,7 p.p. milli ára og 1,1 p.p. frá síðasta ársfjórðungi.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 960 millj. kr. sem er aukning um 2,5% milli ára. Framlegðarstig nam 25,9% sem er lækkun um 2,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.033 millj. kr. sem er aukning um 9,3% milli ára. Framlegðarstig nam 38,7% sem er hækkun um 2,7 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	5.582	5.092	490	9,6%	15.365	13.581	1.784	13,1%
Eldsneyti og rafmagn	3.072	2.625	447	17,0%	7.179	5.919	1.260	21,3%
Raftæki	1.409	1.230	179	14,6%	3.799	3.414	385	11,3%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	960	937	23	2,5%	2.848	937	1.910	203,9%
Aðrar vörur og þjónusta	1.033	945	88	9,3%	3.086	2.604	482	18,5%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	12.057	10.829	1.228	11,3%	32.277	26.455	5.822	22,0%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 12.057 millj. kr. samanborið við 10.829 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2024 sem er 11,3% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 5.582 millj. kr. sem er 9,6% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 3.072 millj. kr. sem er 17,0% aukning milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.409 millj. kr. sem er 14,6% hækkun milli ára. Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 960 millj. kr. sem er 2,5% hækkun milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.033 millj. kr. sem er 9,3% hækkun milli ára.

Rekstrarkostnaður 3. ársfjórðungs 2025

- Rekstrarkostnaður á 3F 2025 nam 7.282 millj. kr. og hækkar um 606 millj. kr. milli ára eða um 9,1%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 399 millj. kr. eða 8,3% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.756 á fjórðungnum sem er fjölgun um 1,4% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 207 millj. kr. eða um 11,2% milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.225	4.826	399	8,3%	16.115	13.184	2.931	22,2%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	627	570	57	10,1%	1.823	1.624	199	12,2%
Viðhaldskostnaður	327	277	51	18,3%	915	824	92	11,1%
Sölu- og markaðskostnaður	490	446	43	9,7%	1.477	1.300	177	13,6%
Skrifstofu- og stjórnmunarkostnaður	109	99	10	10,1%	391	357	34	9,5%
Samskiptakostnaður	343	314	29	9,2%	1.024	817	206	25,2%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	28	48	-20	-40,8%	101	149	-48	-32,2%
Annar kostnaður	132	96	36	38,0%	348	269	79	29,5%
Samtals annar rekstrarkostnaður	2.057	1.850	207	11,2%	6.079	5.340	739	13,8%
Samtals rekstrarkostnaður	7.282	6.676	606	9,1%	22.194	18.524	3.670	19,8%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 3F 2025 nam 5.225 millj. kr. samanborið við 4.826 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 8,3% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.756 á fjórðungnum sem er fjölgun um 25 eða 1,4% milli ára. Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 7,7% milli ára. Í heildina þá hækka laun og starfsmannakostnaður um 331 millj. kr. eða 6,8% ef ekki er tekið tillit til áhrifa af breytingum í stöðugildum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 3F 2024	4.826
Stöðugildi - breyting	68
Samningsbundnar launahækkanir	230
Breyting í starfsmannakostnaði	-29
Kaupréttir	-8
Aðrar breytingar	138
Laun og launatengd gjöld 3F 2025	5.225

Annar rekstrarkostnaður nam 2.057 millj. kr. samanborið við 1.850 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 207 millj. kr. eða 11,2%. Einskiptiskostnaður kemur inn á fjórðunginn að fjárhæð 35 millj. kr. ásamt auknum kostnaði tengdum átaksverkefnum í viðhaldi en annars gæta áhrif verðbólgu og aukinnar sölu á alla kostnaðarliði. Heilt yfir má segja að ágætur árangur hafi náðst í aðhaldi alls rekstrarkostnaðar.

Fjármagnsliðir 3. ársfjórðungs 2025

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 552 millj. kr. samanborið við 683 millj. kr. neikvæð áhrif frá árinu áður. Kostnaðurinn lækkar því um 131 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 125 millj. kr. og hækka um 16 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 914 millj. kr. og lækka um 92 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var neikvæður um 14 millj. kr. og minnkar um 22 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 251 millj. kr. og hækka um 1 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	125	109	16	14,3%	333	268	66	24,6%
Fjármagnsgjöld	-914	-1.006	92	-9,2%	-2.888	-2.908	20	-0,7%
Gengismunur	-14	-36	22	-61,3%	-26	-20	-6	32,6%
Áhrif hlutdeildarféлага	251	250	1	0,3%	524	471	53	11,4%
Samtals	-552	-683	131	-19,2%	-2.057	-2.190	133	-6,1%

Fjármagnstekjur nema 125 millj. kr. og hækka um 16 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld námu 914 millj. kr. og dragast saman um 92 millj. kr. milli ára. Afborganir af vaxtaberandi lánnum við lánastofnanir námu 2,8 ma. kr. á fjórðungnum, þar af um 2,5 ma. kr. aukalega vegna sterkrar sjóðsstöðu. Gengismunur var neikvæður um 14 millj. kr. og minnkar um 22 millj. kr. á milli ára. Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 251 millj. kr. sem er eins og árið áður.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 3. ársfjórðungs 2025

- Heildareignir námu 117,6 ma. kr. í lok fjórðungsins og hafa aukist um 2,8 ma. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 89,5 ma. kr. og hafa hækkað um 1,2 ma. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 28,1 ma. kr. og hafa aukist um 1,6 ma. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 6,8 ma. kr. í lok 3F 2025 sem er hækkun um 2,7 ma. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 33,3 ma. kr. og hafa lækkað um 6,6 ma. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárlutfall félagsins var 39,2% í lok 3F 2025 samanborið við 37,9% í árslok 2024.

Milljónir króna	30.9.2025	31.12.2024	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	7.675	8.197	-522	-6,4%
Rekstrarfjármunir	42.383	41.217	1.165	2,8%
Leigueignir	10.837	10.535	302	2,9%
Fjárfestingarfasteignir	7.273	7.012	261	3,7%
Birgðir	14.347	14.118	229	1,6%
Viðskiptakröfur	5.633	7.168	-1.535	-21,4%
Handbært fé	6.811	4.075	2.736	67,1%
Vaxtaberandi skuldir	40.064	43.956	-3.892	-8,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir	33.253	39.881	-6.628	-16,6%
Eiginfjárlutfall	39,2%	37,9%	+1,3 p.p.	3,5%
Veltuhraði vörubirgða	8,9	8,4	0,5	6,0%

Viðskiptavild nam 18.367 millj. kr. og stendur í stað frá áramótum. Aðrar óefnislegar eignir námu 7.675 millj. kr., sem er lækkun um 522 millj. kr. milli ára. Rekstrarfjármunir nema 42.383 millj. kr. og hækka um 1.165 millj. kr. frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 7.273 millj. kr. og hækka um 261 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 229 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur lækka um 1.535 millj. kr. og handbært fé hækkar um 2.736 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 33.253 millj. kr. sem er lækkun um 6.628 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárlutfall félagsins var 39,2% í lok 3F 2025 samanborið við 37,9% í lok árs 2024. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2025

- Handbært fé frá rekstri nam 6.664 millj. kr. sem er hækkun um 2.021 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.166 millj. kr. sem er lækkun um 4.092 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3.835 millj. kr. sem er viðsnúningur um 7.147 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2025	3F 2024	Breyt.	% Breyt.	9M 2025	9M 2024	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	5.142	3.395	1.747	51,5%	4.075	3.362	713	21,2%
Handbært fé frá rekstri	6.664	4.643	2.021	43,5%	14.276	8.244	6.032	73,2%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.166	-5.259	4.092	-77,8%	-3.696	-6.522	2.826	-43,3%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.835	3.312	-7.147	-215,8%	-7.870	1.028	-8.898	-865,7%
Gengismunur af handbæru fé	6	-27	33	-124,3%	26	-47	73	-155,5%
Breyting á handbæru fé	1.663	2.696	-1.034	-38,3%	2.710	2.749	-39	-1,4%
Handbært fé í lok tímabils	6.811	6.064	747	12,3%	6.811	6.064	747	12,3%

Handbært fé frá rekstri á 3F 2025 nam 6.664 millj. kr. sem er hækkun um 2.021 millj. kr. milli ára. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 1.166 millj. kr. og eru 4.092 millj. kr. lægri en árið áður. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3.835 millj. kr. sem er viðsnúningur um 7.147 millj. kr. milli ára. Afborganir af langtímalánum námu 2.807 millj. kr., leiguskuldum 379 millj. kr og endurkaup námu 649 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé jókst um 1.663 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2025 og nam handbært fé í lok tímabilsins 6.811 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2025

- Horfur í rekstri heilt yfir góðar. Sumarið var gott með ágætri aukningu heimsóknna í verslanir milli ára og útlitið er gott fram á veginn.
- Sérstök áhersla er á yfirhalningu og uppbyggingu lykileininga samstæðunnar.
- Samlegð af innkomu Lyfju farin að skila sér. Nýjar tæknilausnir hafa fengið góðar viðtökur og áfram er góður vöxtur í vörusölu gegnum stafræna miðla milli ára.
- Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

EBITDA spá félagsins fyrir 2025 er hækkuð um 400 millj. kr. og nemur 15.600 – 16.000 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 er óbreytt og nemur 5.800 – 6.200 millj. kr.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 3F 2025 nam 93,7 milljarði króna og hækkar um 6,0% frá ársbyrjun 2025.
- Hluthafar félagsins voru 1.672 í lok 3. ársfjórðungs 2025 og fjölga um 453 frá áramótum.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, föstudaginn 31. október 2025

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður föstudaginn 31. október 2025 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-3f-2025>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar>

Fjárhagsdagatal

- 3F 2025: 30. október 2025
- 4F 2025: 5. febrúar 2026
- Aðalfundur 2026: 5. mars 2026

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).